



**ROLEX**  
*Franch Michelsen*  
 ÚRSMÍÐAMEISTARI  
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

# MARKAÐURINN

**Lausnir**  
 í þágu viðskiptatrygðar  
[www.lausnir.is](http://www.lausnir.is)  
 finndu rétta tóninn...

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 9. janúar 2008 – 1. tölublað – 4. árgangur

Veffang: [visir.is](http://visir.is) – Sími: 512 5000 **visir**

**Stórveldin slást**  
 Man. Utd  
 ríkast  
 á ný



5

Allt loft úr bankabollunni  
**Framhaldið**  
 með öllu óráðið



12-13

**Mikil sala lúxusvarnings**  
 Kampavínið flæddi  
 sem aldrei fyrr



22

## Skráningu Promens frestað

Ekki verður tekin ákvörðun um skráningu Promens í OMX kauphöll Íslands fyrr en undir lok þessa árs, að sögn Ragnhildar Geirsdóttur, forstjóra félagsins. Upphaflega



RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR

var stefnt að skráningu félagsins í Kauphöllina á síðasta ári, en þá voru horfur á að hægt yrði að skrá hér hlutabréf í evrum líkt og félagið stefnir á að gera.

Ragnhildur segir þó að núna séu það erfiðar markaðsaðstæður sem ráði því að forsvarsmenn félagsins vilji bíða og sjá hver þróunin verður áður en næstu skref verða tekin. Þá verður að öllum líkindum heldur ekki fyrr en undir mitt ár sem hægt verður að skrá hlutabréf í evrum, samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfaskráningu.

- óká / Sjá síðu 18

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nordic Partners í matvælin** Íslenska fjárfestingarfélagið Nordic Partners keypti Hamé, stórt matvælafyrirtæki í Mið- og Austur-Evrópu. Starfsmenn Hamé eru um þrjú þúsund og veltan í fyrra nam sautján milljörðum íslenskra króna. Kaupverð er trúnaðarmál.

**Wessmann tekur stjórnarsæti** Róbert Wessman, eigandi fjárfestingarfélagssins Salts og forstjóri Actavis, hyggst fara fram á sæti í stjórn Glitnis á næsta hluthafafundi, en Salt keypti á dögunum tveggja prósentu hlut í Glitni fyrir um 7,5 milljarða króna.

**Nótt hinna löngu hnífa** Bankastjóra og tveimur lykilstarfsmönnum Icebank var óvænt sagt upp um áramótin. Stjórnarformaður og nýráðinn bankastjóri segja breytingar á framkvæmdastjórn eiga sér eðlilegar skýringar.



**Undirmarkaður í Kauphöllinni** Nýr markaður fyrir ýmis hlutabréfatengd réttindi var opnaður í Kauphöllinni, OMX Nordic Exchange Iceland, í gær. Í viðskiptakerfi Kauphallarinnar ber nýi markaðurinn heitið „OMX ICE Equity Rights“.

### 600 milljarða gjalddagi

Fram kom að alls væru rúmlega 600 milljarðar íslenskra króna á gjalddaga hjá bönkunum á árinu 2008. Verg landsframléiðsla árið 2006 nam tæplega tólf hundruð milljörðum, svo það sem bankarnir greiða nemur ríflega helmingi þess.

# Kaupþing kærir til ráðherra vegna evru

Seðlabankinn veitir Ársreikningaskrá umsögn um beiðni banka til að færa bókhald í evru. Hún synjaði beiðni Kaupþings um það. Bankinn kærði til fjármálaráðherra.

Ingimar Karl Helgason  
 skrifar

„Hingað í fjármálaráðuneytið hafa borist kærur vegna synjunar á beiðni um uppgjör í erlendri mynt,“ segir Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Samkvæmt heimildum Markaðarins synjaði Ársreikningaskrá beiðni Kaupþings um heimild til að gera bókhald sitt upp í evrum. Í kjölfarið vísaði Kaupþing málinu til fjármálaráðherra.

Kaupþing sótti um heimild til uppgjors í evrum í fyrra.

Ársreikningaskráin tekur slíkar ákvarðanir. Samkvæmt reglugerð, sem tók gildi um miðjan febrúar í fyrra, þarf Ársreikningaskráin að leita umsagnar Seðlabankans áður en hún samþykkir eða synjar slíkum beiðnum, þegar banki á í hlut.

Ársreikningaskráin er innan vébanda ríkissaksóknara. Hann tjáir sig hvorki um niðurstöðu Ársreikningaskrár né umsögn Seðlabankans.

Bankastjóri Seðlabankans vísar á ríkisskattstjóra um málið.

Skilyrðin fyrir því að fá að gera bókhald sitt upp

í erlendri mynt koma fram í annarri grein reglugerðarinnar.

Þau eru að félag hafi meginstarfsemi sína erlendis í erlendum gjaldmiðli. Það eigi erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti við þau séu í erlendri mynt. Félag hafi meginstarfsemi hér á landi en hafi meirihluta tekna sinna frá erlendum aðilum, í erlendri mynt. Þá þarf félag að vera af tiltekinni stærð.

Kaupþing virðist uppfylla öll skilyrði reglugerðarinnar.

Vera má að umsögn Seðlabankans um beiðni Kaupþings hafi verið neikvæð eða að formgalli hafi verið á beiðninni. Hvorugt fæst staðfest.

Talsmaður Kaupþings vildi það eitt segja að beið sé niðurstöðu fjármálaráðuneytisins.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er búist við því að úrskurðað verði í málinu í þessum mánuði.

Straumur-Burðaráss hefur leyfi til að færa bókhald sitt í erlendri mynt og hefur gert það um nokkur mánaða skeið. Straumur sótti um þetta og fékk beiðni sína afgreidda áður en reglugerðin um umsögn Seðlabankans var sett.

## Vilja Orra Hauksson í stjórnina

Novator vill fá tvo stjórnarenn í finnska fjarskiptafélaginu Elisa.

„Ég tek sætinu með brosi á vör ef eftir því verður kallað,“ segir Orri Hauksson, talsmaður Novators í Finnlandi, „en aðalmálið er að ná í gegn breytingum í þágu hluthafanna.“

Novator vill fá tvo stjórnarmenn í finnska fjarskiptafélaginu Elisa á hluthafafundi sem haldinn verður 21. þessa mánaðar.

Novator hefur lagt til ýmsar breytingar á Elisa. Novator er stærsti hluthafinn í Elisa og á yfir 11,5 prósentu hlut í félaginu.

Björgólfur Thor Björgólfsson segir í viðtali við finnska dagblaðið Helsingin Sanomat að Orri

verði annar fulltrúa félagsins, fáist menn í stjórn. Hinn fulltrúi Novators verði annar Íslendingur eða Breti.

Orri Hauksson hefur starfað fyrir Novator um skeið en áður vann hann fyrir Símann, auk þess að hafa verið aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Novator hefur undanfarið aukið hlut sinn í félaginu.

Finnskir lífeyrissjóðir og tryggingafélög sem eru andsnún hugmyndum Novators um breytingar á félaginu hafa nýlega aukið hlut sinn.

- ikh / Sjá síðu 16

**TrackWell**  
 FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 15,5%\*

GBP 6,0%\*

USD 5,0%\*

DKK 4,7%\*

EUR 4,0%\*

CAD 5,0%\*

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbúslysingar og útdráttar úr útbúslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. des. 2007 – 3. jan. 2008.



# Framúrskarandi

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið jafna og góða ávöxtun allt frá stofnun. Ávöxtun ársins 2007 var **15,6%**

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)

**SPRON Verðbréf**  
**Peningamarkaðssjóður SPRON**  
**15,6% ávöxtun**



75 ára

 **spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is). Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## Enn beðið eftir Gift

„Það er komin gróf mynd af þessu, en við þurfum nákvæma mynd.“

Það eru einhverjar vikur í þetta ennþá,“ segir Kristinn Hallgrímsson, formaður skilanevndar Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

Ákveðið var á fundi fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins í fyrrasumar að slíta félaginu og stofna upp úr því Fjárfestingafélagið Gift. Þessu fylgir að eigendur Eignarhaldsfélagsins, þeir sem áður tryggðu hjá Sam-

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ SAMVINNUTRYGGINGAR



vinnutryggingum, fá hluti í Gift. Enn er þó óvíst hversu mikið hver eignast.

Í fyrstu átti það að liggja fyrir í haust hversu mikið hver fengi en síðan var því frestað til áramóta. Nú er ljóst að málið frestast að minnsta kosti fram í annan mánuð ársins.

Talið er að um 50 þúsund einstaklingar og lögaðilar eignist hlut í Gift, en ljóst er að stærstu hluthafarnir í félaginu verða Samvinnusjóðurinn og Samband íslenskra samvinnufélaga. - ikh

## ESA skoðar lögmati kynjakvóta í stjórnnum

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur að eigin frumkvæði hafið frumathugun á því hvort norsk lög um kynjakvóta í stjórnnum skráðra fyrirtækja standist Evrópurétt.

Rannsóknin er í fullum gangi, en hún hófst í hitteðfyrri, samkvæmt upplýsingum sem Markaðurinn fékk hjá Eftirlitsstofnuninni í gær. Óvíst er hvernær henni lýkur.

Lög sem skylda skráð hlutfélög til þess að hafa að lágmarki fjóra af hverjum tíu stjórnarmönnum af hvoru kyni gengu í gildi í Noregi fyrir tveimur árum.

Samkvæmt athugun norsku ríkisstjórnarinnar voru þá sextán prósent stjórnarmanna konur. Frestur félaga til að gera úrbætur rann út nú um áramótin.

Íslensk félög sem skráð eru í Noregi hafa lagað stjórnir sínar að nýjum lögum.

Samkvæmt athugun Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst, sem birt var um mitt síðasta



**FORTÍÐ EÐA NÚTÍÐ?** Stjórn Stöðvar tvö árið 1990. Í miklum meirihluta stjórnar stærstu fyrirtækja landsins sitja engar konur. Ekki er víst að lög sem skylda fyrirtæki til að hafa lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórn standist Evrópurétt.

ár, var engin kona í stjórn 70 af 100 stærstu fyrirtækjum landsins. Þá skipuðu konur 32 af ríflega 400 stjórnarsætum og hafði þá dregið úr hlutfalli kvenna í stjórnnum frá árinu 2005.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur sagt að lagasetning í þessum efnem hérlandis yrði þrautalending. „Fyrst beri að skoða allar aðrar leiðir að því sjálfsgöda markmiði að jafna hlut kvenna og karla í stjórnnum íslenskra fyrirtækja.“ - ikh

## Gengið frá málum Hannesar

Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri FL Group, hefur skrifað undir starfslókasamning við félagið, að því er fram kemur á Vísi. Ekkert hefur komið fram um efni samningsins, en búast má við að hann verði gerður opinber á fundi hinn 12. febrúar næstkomandi þegar ársuppgjör FL Group verður kynnt.

Hannes lét af störfum sem forstjóri FL Group nú fyrir áramót í kjölfar hrókeringa innan félagsins. Gengi bréfa í FL Group stendur nú í rétt rúnum tólf krónum á hlut í Kauphöll Íslands. - jsk



## Mikil aukning gjaldeyrisviðskipta

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam tæplega 4,97 milljörðum króna á síðasta ári og hefur aldrei verið meiri. Er það þrettán prósentu aukning frá árinu 2006.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að ljóst sé að samhlíða fjölgun þátttakenda í gjaldeyrisviðskiptum og nánari tengslum við alþjóðlega gjaldeyrismarkaði, aukist velta á innlendum gjaldeyrismarkaði. Sá fyrirvari er þó sleginn að heildaraukningu veltu á gjaldeyrismarkaði sé líklega mun meiri, enda taki tölurnar einungis til viðskipta með gjaldeyri á millibankamarkaði. - jsk



## Hluthafar Stork heimila sölu

Stork Food Systems verður selt Marel með samþykki hluthafa Stork.

Hluthafafundur Stork N.V. í Hollandi heimilaði á föstudag sölu Stork Food Systems til Marel Food Systems. Með heimildinni var brautin jafnframt rudd fyrir yfirtöku London Acquisition, sem að standa breski fjárfestingarsjóðurinn Candover, íslenska fjárfestingafélagið Eyfir Invest og Landsbanki Íslands, á því sem eftir stendur af hollensku iðnsamstæðunni.

Í tilkynningu Stork um samþykktina kemur fram að hún sé því háð að yfirtakan verði lýst skilyrðislaus, en til þess þurfa



**FORSTJÓRNARNIR SAMAN** Hörður Amarnson, forstjóri Marel Food Systems og Theo Hoen, forstjóri Stork Food Systems, á kynningarfundum Marel vegna yfirtökunnar á Stork í nóvemberlok. MARKAÐURINN/GVA

meðal annars 95 prósent hluthafa að samþykka yfirtökutilboðið, sem hljóðar upp á 48,4 evrur á hvern hlut í Stork. Yfirtökutilboðið rennur út 14. þessa mánaðar.

Í lok nóvember síðastiðinn gaf stjórn Stork því blessun sína að selja frá samstæðunni hluta starfseminnar og lýsti stuðningi við yfirtöku London Acquisition. Þá lá þegar fyrir stuðningur tæplega áttatíu prósentu hluthafa. Yfirtakan á Stork N.V. er metin á 1,5 milljarða evra, eða sem nemur hátt í 140 milljörðum íslenskra króna. - óka



**HÖFNIN Í STYKKISHÓLMI** Mun minni umsvif hafa verið eftir að skelfiskveiðin hrundi. Kvótaniðurskurðurinn hefur ekki svo mikil áhrif, segir hafnarstjóri.

## Hundraða milljóna hafnarframkvæmdir

Kvótaskerðingin hefur mikil áhrif á umsvif hafna landsins. Ákveðið hefur verið að halda áfram með framkvæmdir við

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

„Kvótaniðurskurðurinn mun hafa veruleg áhrif á þessu ári,“ segir Björn Arnaldsson, hafnarstjóri í Snæfellsbæ. Þar eru þrjár hafnir: Ólafsvík, á Rífi og Arnarstapa.

Björn segir að höfnin verði af 20 til 25 milljónum króna í tekjur á þessu ári, einkum vegna kvótaniðurskurðar. „Hingað til höfum við alltaf verið réttu megin við núllið.“

Miklar framkvæmdir verða í höfnum Snæfellsbæjar á árinu. Samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins á að verja yfir 230 milljónum króna til framkvæmda. Þar af greiðir hafnarstjórn rúmar 50 milljónir. „Við ákváðum að leggja ekkert í þunglyndi,“ segir Björn. Byrjað hafi verið á framkvæmdunum í fyrra og ekkert vit sé í öðru en að halda þeim áfram í ár.

Meðal annars á að búa til yfir 600 metra langan grjótgard við höfnina á Rífi og smíða trébryggju í Ólafsvík.

„Ég held að við stöndum þokkalega og hafnarstjórn stendur vel,“ segir Runólfur Guðmundsson, formaður hafnarstjórnar í Grundarfirði. Hann segir að þrátt fyrir þriðjungsníðurskurð á þorskvótanum hafi ekki dregið úr umsvifum Grundarfjarðarhafnar. Utgerðarmenn í plássinu hafi bæði keypt og leigt kvóta. „Svo var hér sett upp frystigeymsla, eða frosthótel, sem fylltist í raun fáum klukkustundum eftir að hún var opnuð, svo hér urðu til ný atvinnutækifæri,“ segir Guðmundur, sem einnig nefnir saltgeymsluna á staðnum í þessu samhengi. „Við erum bara nokkuð bjartsýnir fram á næsta ár.“

Erla Friðriksdóttir, bæjar- og hafnarstjóri í Stykkishólmi, segir að verulega hafi dregið úr umsvifum hafnarinnar síðan skelin hrundi fyrir fjórum árum. Hún telur að þótt þorskaflinn hafi verið skertur um þriðjung, dragi ekki svo mjög úr umsvifum hafnarinnar í Hólminum. „Menn hafa líka gegnum tíðina landað annars staðar, svo kannski munar ekki svo mikið um þetta.“

## Ráðleggja um sölu hlutabréfa

Greiningardeildir bankanna útfæra ráðleggingar til viðskiptavina á nýju ári.

„Við erum að fara yfir þetta með viðskiptavinum okkar núna og getum ekkert sagt opinberlega um setningu,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

Greiningardeildir bankanna eru að vinna að yfirlitum yfir það hvaða hlutabréf fólk er ráðlagt að kaupa, halda í eða selja.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings, segir að von sé á yfirliti frá deildinni á næstu dögum. Sama segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans. „Það er hins vegar svo



ÁSGEIR JÓNSSON EDDA RÓS KARLSDÓTTIR INGÓLFUR BENDER

að það getur breyst á hálf tíma hvort við ráðleggjum að kaupa eða selja í fyrirtækjum.“


Samkvæmt yfirliti Landsbankans fyrir þriðja ársfjórðung taldi Landsbankinn vænlegt að fólk

keypti í tíu prósentum fyrirtækja, héldi í eign sína í 38 prósentum fyrirtækja og seldi hluti í 27 prósentum fyrirtækja. Ekki var lagt mat á fjórðung fyrirtækja í Kauphöllinni. - ikh

# TIL HAMINGJU

Á síðasta einum og hálfu áratug hefur Íslendingum farnast vel. Á árunum 2000-2007 jókst kaupmáttur launa um 20% til viðbótar við 22% aukningu á árunum 1990-2000. Launahækkunir á Íslandi hafa verið mun meiri undanfarin ár en gerist meðal nálægra þjóða.

Það þarf öflugt atvinnulíf til að greiða há laun.



Nú eru hins vegar blikur á lofti. Verðbólga hefur verið allt of mikil undanfarið og mikilvægt að hemja hana sem fyrst þar sem hún hefur skaðleg áhrif á heimili og fyrirtæki. Reynslan sýnir að miklar launahækkunir leiða ekki til betri kjara.

Á árunum 1980-1990 hækkuðu laun um 1434% en kaupmáttur rýrnaði um 15%.

Mikilvægt er að varðveita þann ávinning sem náðst hefur.  
Nú þarf að hægja á launa- og verðbreytingum.

# VERJUM LÍFSKJÖRIN



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

## Bretar stöndugri en Bandaríkjamenn

Meðal Bretinn hefur nú meira milli handanna en meðal Bandaríkjamann, samkvæmt könnun Oxford Economics. Er þetta í fyrsta skipti síðan við lok nítjándu aldar sem sú er raunin.

Landsframléiðsla í Bretlandi nemur nú rúmlega 2,9 milljónum króna á mann á ári, en er rúmlega þrjátíu þúsund krónum lægri á mann í Bandaríkjunum.

Adrian Cooper, sérfræðingur Oxford Economics, segir lífskjör hafa stórbatnað í Bretlandi undanfarin fimmtán ár. „Hér áður var talað um Bretland sem veikburða Evrópuþjóð. Svo er ekki lengur og nú trónum við efst á lífskjaratöflunni.“

- jsk



FRÁ LUNDÚNUM Bretar hafa nú meira milli handanna en Bandaríkjamenn, í fyrsta skipti síðan við lok nítjándu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Forstjóri Bear Stearns látinn fara

James Cayne, forstjóri bandaríska bankans Bear Stearns, mun taka poka sinn á næstu dögum, samkvæmt heimildum bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal.

Blaðið segir stjórn bankans hafa verið undir miklum þrýstingi í kjölfar mikilla afskrifta úr bókum félagsins vegna tapa á fasteignalánavöndlum. Þá tapaði bankinn 854 milljónum dala, 53 milljörðum króna, á fjórða ársfjórðungi í fyrra en það var fyrsta tapið í sögu bankans. Þá hefur gengi félagsins fallið um rúm 50 prósent frá miðju síð-



asta ári sem er meira en aðrir bandarískir hafa þurft að horfa upp á. Eina lausnin var að láta forstjóran fara, samkvæmt blaðinu.

Cayne bætist við þetta í hóp forstjóra nokkurra af stærstu bönkum Bandaríkjanna sem hafa staðið upp úr forstjórastólum í skugga lausafjárþurrðarinnar eftir vanskilaaukningu á fasteignalánamarkaði.

- jab

VIÐ BANKANN Bandaríski bankinn Bear Stearns hefur ákveðið að vísa forstjóranum á dyr eftir taprekstur á síðasta ári. MARKAÐURINN/AFP



MARKI FAGNAÐ Manchester United náði góðum árangri bæði innan og utan vallar á síðasta ári. Félagið vann enska meistaratitilinn á ný og getur að auki með réttu talist ríkasta félag Bretlandseyja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## United á toppinn á ný

Manchester United er aftur orðið ríkasta félag Bretlandseyja. Liðið háir harða baráttu við Arsenal bæði innan og utan vallar.

Breska knattspyrnustórveldið Manchester United hagnaðist um tæplega tíu milljarða króna á síðasta fjárhagsári, samkvæmt spám sérfræðinga en uppgjör félagsins verður birt á fimmtudag. Manchester United getur því á ný borið sæmdarheitið ríkasta félag Bretlandseyja, en Arsenal hefur haldið þeim titli frá síðustu uppgjörhrinu.

Samkvæmt spánni velti Manchester United 25,2 milljörðum króna á árinu og skaut því Arsenal, sem velti 24,8 milljörðum króna, ref fyrir rass. Spænsku risarnir í Real Madrid eru enn ríkasta félag veraldar,

þótt ensku risarnir séu ekki langt undan.

Bætt fjárhagsstaða Manchester United er rakin til góðs árangurs inni á vellinum árið 2007, en félagið vann enska meistaratitilinn á árinu auk þess að komast í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu. Þá tapaði Manchester United úrslitaleik ensku bikarkeppinnar á eftirminnilegan hátt.

Risarnir tveir heyja ekki einungis harða baráttu utan vallar því liðin sitja í tveimur efstu sætum ensku úrvalsdeildarinnar og hafa skipst á að hafa forystu undanfarnar vikur.

- jsk

## Íbúar Mississippi feitastir

Þriðji hver íbúi Mississippi-ríkis þjáist af offitu. Sérfræðingar spá því að hlutfallið nái helmingi árið 2015.

Mississippi-ríki nýtur þess vafasama heiðurs að vera feitasta ríki í Bandaríkjunum, en þriðjungur íbúa fylkisins þjáist af offitu samkvæmt opinberum tölum. Hvergi í veröldinni, að örfáum Kyrrahafseyjum undanskildum, eru fleiri offitusjúklingar en í Bandaríkjunum.

Sérfræðingar segjast ekki sjá fyrir endann á offituvanda Mississippi-búa, og spá því að árið 2015 verði helmingur íbúa ríkisins löggiltir offitusjúklingar.

Ástæður offituvanda íbúa Mississippi eru margvíslegar. Íbúarnir hreyfa sig minnst allra Bandaríkjamanna, enda eru veður-skilyrði erfið til líkamlegrar áreymslu, heitt og rakt. Yfirvöld í Mississippi leggja heldur ekki mikla áherslu á líkamlega hreyfingu en frímínútur í grunnskólum voru nýlega afnumdar, og börnunum gert að sitja inni þar til skóla lýkur.

Þá er fylkið eitt hið fátækasta



OF PUNGUR Hvergi í Bandaríkjunum eru fleiri offitusjúklingar en í Mississippi-ríki. Fátækt íbúanna er talin ein stærsta orsök.

í Bandaríkjunum en samkvæmt rannsóknum eru bein tengsl á milli offitu og fátæktar í hinum þróaðri löndum. Hollur matur er til að mynda mun dýrari en svokallað ruslfæði.

- jsk

## Starbucks hikstar og forstjórinn rekinn

Kaffihúsisinn Starbucks var meðal þeirra fyrirtækja sem verst vegnaði á nýliðnu ári. Sérfræðingar telja kaffimarkaðinn í Bandaríkjunum mettan og spá því að áfram hægist á hjá Starbucks. Forstjóri fyrirtækisins hefur verið rekinn.

Jón Skaftason  
skrifar

Hlutabréf í bandaríska kaffihúsisinum Starbucks féllu um 42 prósent á nýliðnu ári, og var fyrirtækið meðal þeirra sem verst vegnaði á hinum bandaríska NASDAQ-markaði. Gengi bréfa í félaginu hafa lækkað um ellefu prósent síðastliðna viku. Jim Donald, forstjóri Starbucks, var í gær látinn taka pokann sinn.

Starbucks hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og rekur nú rúmlega fimmtán þúsund verslanir víðs vegar um heim. Sérfræðingar segja fyrirtækið einfaldlega hafa vaxið of hratt og nú sé heimamarkaðurinn í Bandaríkjunum fullmettur. Ekkert lát er þó á velgengi fyrirtækisins utan heimalandsins.

Lausafjarkreppan hefur enn fremur haft áhrif á starfsemi Starbucks. Fyrirtækið hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að öðlast hylli meðal hinu ýmsu þjóðfélagsstétta, en nú þegar bandaríska hagkerfið leikur á reiðiskjálfi halda efnaminni viðskiptavinir hins vegar að sér höndum.

„Við höfum tekið ákvarðanir síðustu misseri sem skref fyrir skref hafa leitt til þess að Starbucks hefur misst hluta af þeim sjarma sem upphaflega einkenndi fyrirtækið,“ lét Howard Schulz stjórnarformaður hafa eftir sér. Schulz tekur við forstjórastarfinu nú þegar Donald hefur horfið á braut.

Mikil samkeppni er á kaffihúsamarkaðnum í Bandaríkjunum, enda hafa risar á borð við McDonald's og Dunkin' Donuts undanfarið lagt aukna áherslu á kaffidrykki.

Yfirlýst markmið Starbucks er að hafa tuttugu þúsund verslanir í Bandaríkjunum og tuttugu þúsund til viðbótar í öðrum löndum. Forsvarsmenn félagsins virðast þó hafa dregið í land og stefna að því að opna hundrað verslanir árið 2008.

Hlutabréf í Starbucks standa nú í rétt rúmum átján Bandaríkjadöllum á hlut í NASDAQ-kauphöllinni, en voru í 36 Bandaríkjadöllum á hlut fyrir ári.



GÆDIR SÉR Á STARBUCKS Í FORBÖÐNU BORGinni Starbucks rekur nú rúmlega fimmtán þúsund verslanir um allan heim. Ekkert lát virðist á velgengni utan heimalandsins, þótt Bandaríkjamenn virðist hafa fengið nóg af Starbucks-kaffi í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Góð jól hjá Baugi í Bretlandi

Bresku verslanakeðjurnar Jane Norman og House of Fraser, sem Baugur keypti ásamt fleiri fjárfestum seint í hittifyrri, áttu góðu gengi að fagna á síðasta ári.

Rekstrarhagnaður Jane Norman nam 21,5 milljónum punda, jafnvirði 2,6 milljarða króna, á síðasta ári samanborið við 9,6 milljónir punda árið á undan. Taka ber fram að rekstrarár Jane Norman nær frá marslokum ár hvert og því enn tæpir þrjú mánuðir þar til árinu lýkur í bókum verslunarinnar.

Jólin voru að sama skapi góð hjá House of Fraser en hagnaðurinn tvöfaldaðist á milli ára í jólamánuðinum auk þess sem sala



VIÐSKIPTAVINIR Í KAUPHUGLEIÐINGUM Sala jókst bæði í verslunum Jane Norman og House of Fraser um jólin. Öðru máli gegnir um samkeppnisáðilana.

jókst um 2,4 prósent á milli ára, að því er fram kemur í tilkynningu frá félaginu. Don McCarthy, stjórnarformaður House of Fraser, sagði í samtali við breska fjölmiðla í gær útlit fyrir gott ár.

Þetta er ekki í samræmi við afkomuna hjá öðrum breskum verslunum sem neyddust til að horfa upp á samdrátt um hátíðarnar, samkvæmt breskum fjölmiðlum.

- jab

# STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

## NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Stjórnendur framtíðarinnar er markviss stjórnendapjálfun sem notið hefur mikilla vinsælda. Námið höfðar til stjórnenda sem vilja auka skilning sinn á hlutverki og aðferðum stjórnenda sem ná góðum árangri. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

### Námið skiptist í eftirfarandi hluta:

1. Stjórnandinn og stjórnendahæfileikar, stjórnendapróf og sjálfsskoðun.
2. Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
3. Skapandi hugsun.
4. Streitu-, álags- og tímastjórnun.
5. Árangursríkt samstarf (hópstarf).
6. Framkoma, tjáning og ræðumennska.
7. Mannauðsstjórnun; að stjórna fólki.
8. Kústin að taka ákvörðun.
9. Hlutverk stjórnandans; breytingastjórnun.
10. Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

Námið hefst 21. febrúar og er samtals 92 klukkustundir.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

Skráning og nánari upplýsingar á [www.capacent.is](http://www.capacent.is), [namskeid@capacent.is](mailto:namskeid@capacent.is) eða í síma 540 1000.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

„Stjórnendur ná árangri með því að aðstoða aðra við að bæta árangur sinn.“

Vilmar Pétursson, partner hjá Capacent Ráðgjöf.



# Við lítum með stolti yfir árangur viðskiptavina okkar á árinu

Landsbankinn þakkar ánægjulegt, gjöfult og einstaklega árangursríkt samstarf á árinu 2007, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Við lítum björtum augum til ársins 2008 og horfum með tilhlökkun til verkefna, samstarfs og tækifæra sem það ber í skauti sér.

**capacent**  
EPINION

## Epinion A/S

**Starfsemi:** Markaðs- og viðhorfs-  
rannsóknir  
**Verkefni:** Kaup Capacent á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Danmörk  
**Hvenær:** Janúar

**PACE**

## Pace Micro Technologies

**Starfsemi:** Framleiðsla á myndlyklum  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 35 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Janúar

**ATLANTSOLIA**

## Atlantsolía

**Starfsemi:** Eldsneytissala  
**Verkefni:** Endurfjármögnun á  
félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Febrúar

**BLÁFALL**

## Bláfall Engergi

**Starfsemi:** Fjárfesting í smávirkjunum í  
Noregi  
**Verkefni:** Hlutfjáröflun  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** EUR 20 milljónir  
**Land:** Noregur  
**Hvenær:** Febrúar

**mfi**

## MFI Retail

**Starfsemi:** Keðja húsgagnaverslana  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 50 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Mars

## Stekkjarbrekkur

### Stekkjarbrekkur ehf.

**Starfsemi:** Byggingarstarfsemi  
**Verkefni:** Bygging á verslunarhús-  
næði að Blikastöðum  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** ISK 5 milljarðar  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Mars

**TEYMI**

## Teymi hf.

**Starfsemi:** Eignarhaldsfélag á sviði fjar-  
skipta og upplýsingatækni  
**Verkefni:** Hlutfjárútboð  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, sölutrygging og  
umsjón með útboði  
**Umfang verkefnis:** ISK 4 milljarðar  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Mars

**boreascapital**

## Boreas Capital

**Starfsemi:** Fjárfestingarsjóður  
**Verkefni:** Hlutfjáröflun  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sala  
**Umfang verkefnis:** USD 130 milljónir  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Apríl

**Aer Lingus**

## Aer Lingus

**Starfsemi:** Flugfélag  
**Verkefni:** Vörn gegn yfirtökutilraun  
Ryanair  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** EUR 1.500 milljónir  
**Land:** Írland  
**Hvenær:** Júní

**AZURSPACE**  
SOLAR POWER OMBH

## Azur Space Solar

**Starfsemi:** Framleiðsla á sólarrafhlöð-  
um fyrir geimiðnaðinn  
**Verkefni:** Kaup alþjóðlegs  
fjármálahóps á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Þýskaland  
**Hvenær:** Júní

**CenturyALUMINUM**

## Century Aluminium

**Starfsemi:** Alþjóðlegt álfyrirtæki  
**Verkefni:** Skráning á OMX á Íslandi  
og hlutfjárútboð  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, sölutrygging og um-  
sjón með skráningu og útboði  
**Umfang verkefnis:** USD 100 milljónir  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Júní

**DOMSTEIN**

## Domstein ASA

**Starfsemi:** Sjávarútvegsfyrirtæki  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** NOK 70 milljónir  
**Land:** Noregur  
**Hvenær:** Júní

**neqtar**

## Neqtar Ltd.

**Starfsemi:** Drykkjarvöruframleiðandi  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir  
**Land:** Ástralía og Bretland  
**Hvenær:** Júlí

**newave**

## Newave

**Starfsemi:** Hugbúnaðargerð fyrir  
orkuiðnaðinn  
**Verkefni:** Hlutfjárútboð (IPO)  
**Hlutverk bankans:** Umsjón og sölutrygging  
**Umfang verkefnis:** CHF 65 milljónir  
**Land:** Sviss  
**Hvenær:** Júlí





### Meridian Technologies

**Starfsemi:** Framleiðsla á íhlutum í bíla  
**Verkefni:** Fjármögnun vegna kaupa á Estatia AG  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, sölutrygging og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** CAD 150 milljónir  
**Land:** Kanada  
**Hvenær:** Febrúar

### Austin Reed®

#### Austin Reed Group

**Starfsemi:** Keðja fataverslana  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 19 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Mars




### Green Biofuels Ireland

**Starfsemi:** Framleiðsla lífrænna orkugjafa  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** EUR 25 milljónir  
**Land:** Írland  
**Hvenær:** Mars



### Landsafl

**Starfsemi:** Fasteignafélag  
**Verkefni:** Sala á félaginu til Landic Property hf.  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Mars



### Iceland Foods

**Starfsemi:** Keðja matvöruverslana  
**Verkefni:** Endurfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun, sölutrygging, sala og umsjón með sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 370 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Apríl



### Icepharma

**Starfsemi:** Heildsala með lyf og heilbrigðisvörur  
**Verkefni:** Sala á Icepharma fyrir Atorku Group  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Apríl



### Wilson Bowden

**Starfsemi:** Fasteignafyrirtæki  
**Verkefni:** Kaup Barratt Developments á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Umsjón  
**Umfang verkefnis:** GBP 2.200 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Apríl



### Parlogis hf.

**Starfsemi:** Vörustjórnun í heilbrigðis- og hjúkrunargeiranum  
**Verkefni:** Sala á Parlogis fyrir Atorku Group  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** EUR 58 milljónir  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Maí



### Actavis

**Starfsemi:** Framleiðsla samheitalyfja  
**Verkefni:** Kaup Novator Pharma á öllu hlutafé og afskráning félagsins  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, umsjón með yfir-tökutilboði og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** EUR 300 milljónir  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Júlí



### All Saints

**Starfsemi:** Keðja tiskuvöruverslana  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 19 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Júlí



### China Real Estate Opportunities Ltd.

**Starfsemi:** Fjárfesting í fasteignum í Kína  
**Verkefni:** Hlutfjárútböð (IPO)  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og miðlun  
**Umfang verkefnis:** GBP 260 milljónir  
**Land:** Ermasundseyjar  
**Hvenær:** Júlí



### Du Pareil au Mème

**Starfsemi:** Stærsta barnafataverslun Frakklands  
**Verkefni:** Kaup á ráðandi hlut  
**Hlutverk bankans:** Markaðsviðskipti  
**Umfang verkefnis:** EUR 58 milljónir  
**Land:** Frakkland  
**Hvenær:** Júlí



### Venere SpA

**Starfsemi:** Rekstur bókunarþjónustu fyrir hótél á netinu  
**Verkefni:** Endurfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ítalía  
**Hvenær:** Júlí



### Becromal Iceland ehf.

**Starfsemi:** Framleiðsla á aflþynnum í rafþetta  
**Verkefni:** Hlutfjáröflun og fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Ágúst



### Brim hf.

**Starfsemi:** Útgerð og fiskvinnsla  
**Verkefni:** Fjármögnun á togaranum Brimnes RE 27  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Ágúst



### CI Traders

**Starfsemi:** Verslunar- og hótélrekstur á Ermasundseyjum  
**Verkefni:** Kaup Sandpiper á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** GBP 401 milljónir  
**Land:** Ermasundseyjar  
**Hvenær:** Ágúst



### Formula 1

**Starfsemi:** Rekstur Formúla 1 kappakstursins  
**Verkefni:** Endurfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 35 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Ágúst



### Healthcare at Home

**Starfsemi:** Heilbrigðisþjónusta á einkaheimilum  
**Verkefni:** Kaup Hutton Collins á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 88 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Ágúst



### Mirror Controls International

**Starfsemi:** Framleiðsla á rafstýringum í bíla  
**Verkefni:** Kaup Englefield Capital á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** USD 95 milljónir  
**Land:** Holland  
**Hvenær:** Ágúst

### NEDSCHROEF

#### Royal Nedischroef

**Starfsemi:** Framleiðsla íhluta í bíla  
**Verkefni:** Kaup Gilde Buyout Partners á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, sala og umsjón með sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** EUR 215 milljónir  
**Land:** Holland  
**Hvenær:** Ágúst



### Remmen Hotel Holdings

**Starfsemi:** Rekstur hótela og fasteigna, þ.á.m. D'Angleterre  
**Verkefni:** Kaup NP Properties á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Danmörk  
**Hvenær:** September



### Eimskipafélag Íslands

**Starfsemi:** Flutningafyrirtæki  
**Verkefni:** Skuldabréfaútböð  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sala  
**Umfang verkefnis:** ISK 9,5 milljarðar  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Október



### Flexitallic Group

**Starfsemi:** Framleiðsla á pakkningum fyrir vélar  
**Verkefni:** Kaup OFI Private Equity á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** EUR 100 milljónir  
**Land:** Frakkland  
**Hvenær:** Október



### Locatel

**Starfsemi:** Framleiðsla á hugbúnaði fyrir hótél- og heilbrigðisgeirann  
**Verkefni:** Endurfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** EUR 73 milljónir  
**Land:** Frakkland  
**Hvenær:** Október



### Avocet Hardware Ltd.

**Starfsemi:** Verslun með byggingarvörur  
**Verkefni:** Fjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 20 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Nóvember



### Inverland Pajares

**Starfsemi:** Sorphirða og þjónusta við iðnfyrirtæki  
**Verkefni:** Kaup 3i Private Equity á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting, sölutrygging, umsjón og sala á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** EUR 100 milljónir  
**Land:** Spánn  
**Hvenær:** Nóvember



### Atorka Group hf.

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag  
**Verkefni:** Skuldabréfaútböð  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sala  
**Umfang verkefnis:** ISK 9,2 milljarðar  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Desember



### Emap

**Starfsemi:** Breskt fjölmiðlafyrirtæki  
**Verkefni:** Sala á hluta úr fyrirtækinu  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** EUR 200 milljónir  
**Land:** Írland  
**Hvenær:** Desember

Landsbankinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar og velgengni á nýju ári.



### Selecta

**Starfsemi:** Framleiðsla á ílátum, sjálf sölum og fleiru  
**Verkefni:** Kaup Allianz Capital Partners á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 50 milljónir  
**Land:** Holland  
**Hvenær:** Ágúst



### Camden Corporate Fleet Services

**Starfsemi:** Rekstur á bílageymslum og umsýsla með bíla  
**Verkefni:** Kaup BPE á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting og sölutrygging á sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 42 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** September

### DEBENHAMS

#### Debenhams

**Starfsemi:** Keðja vöruhúsa  
**Verkefni:** Endurfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 15 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** September



### eircom

**Starfsemi:** Fjarskiptafyrirtæki  
**Verkefni:** Kaup BCM Ireland Holdings á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir  
**Land:** Írland  
**Hvenær:** September



### Norway Pelagic AS

**Starfsemi:** Sjávarútvegsfyrirtæki  
**Verkefni:** Rekstrarfjármögnun  
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni  
**Umfang verkefnis:** NOK 100 milljónir  
**Land:** Noregur  
**Hvenær:** Október



### Spice

**Starfsemi:** Upplýsingatækniþjónusta  
**Verkefni:** Tilboð Revenue Assurance í félagið  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** GBP 103 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Október



### Swets

**Starfsemi:** Áskriftarþjónusta  
**Verkefni:** Kaup Gilde Buy Out Partners á félaginu  
**Hlutverk bankans:** Umsjón með fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál  
**Land:** Holland  
**Hvenær:** Október



### Telecity Holdings

**Starfsemi:** Stjórnun og vistun rafræna gagna  
**Verkefni:** Hlutfjárútbóð (IPO)  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf  
**Umfang verkefnis:** GBP 436 milljónir  
**Land:** Bretland  
**Hvenær:** Október



### Marel hf.

**Starfsemi:** Þróun og framleiðsla tækja fyrir matvælaíðnaðinn  
**Verkefni:** Kaup á Stork Food Systems  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, sölutrygging, umsjón og hlutfjárútbóð  
**Umfang verkefnis:** EUR 415 milljónir  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Desember



### NYOP Education Ltd.

**Starfsemi:** Byggingarstarfsemi  
**Verkefni:** Endur- og nýbygging 10 skóla í Skotlandi  
**Hlutverk bankans:** Lánveiting  
**Umfang verkefnis:** GBP 120 milljónir  
**Land:** Skotland  
**Hvenær:** Desember



### Samson eignarhaldsfélag hf.

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag  
**Verkefni:** Skuldabréfaútbóð  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sala  
**Umfang verkefnis:** ISK 22,5 milljarðar  
**Land:** Ísland  
**Hvenær:** Desember



### Stork N.V.

**Starfsemi:** Iðnfyrirtæki  
**Verkefni:** Yfirtökutilboð LME í félagið  
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun  
**Umfang verkefnis:** EUR 1.600 milljónir  
**Land:** Holland  
**Hvenær:** Yfirstandandi



Landsbankinn

**ÓRÆÐ STAÐA Á HLUTABRÉFA-MARKAÐI** Gengi hlutabréfa hefur fallið í fjölmörgum kauphöllum í hálfri ári í kjölfar þess að bóla á bandarískum fasteignamarkaði sprakk með látum. Stemningin virðist á tíðum svipuð og þegar netbólun sprakk um síðustu aldamót. MARKAÐURINN/AFP



# Óræð skref eftir bankabólu

Lausafjárþurrðin sem riðið hefur húsum frá því um mitt síðasta ár hefur komið illa við kauninn á mörgum eftur góðærisskeið. Svartsýnustu spámenn segja efnahagskreppu handan við hornið. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði ástandið og gerði tilraun til að sjá hvað framtíðin bærir í skauti sér.

Fjárfestar, greinendur og aðrir markaðsaðilar eru sammála um að talsverð óvissa, jafnvel taugatitringur, ríki á hlutabréfamörkuðum í hinum vestræna heimi um þessar mundir.



**ÖLDUGANGUR ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR** Eins og sést reis Úrvalsvísitalan hratt allt frá árinu 1997 byrjun árs 2000. Þá tók hún dýfu undir lok árs uns hún náði botninum í 988,6 stigum í ágúst 2001. Fall hennar nam rúmum 47 prósent á einu og hálfu ári.

Til samanburðar hafði vísitalan rokið upp um 76 prósent frá því seint í júlí 2006 þar til hún náði sínu hæsta gildi í fyrra.

Fallið hefur að sama skapi verið snarpara, 36,5 prósent á 116 viðskiptadögum. Til samanburðar féll vísitalan um rétt rúm 18 prósent á jafn mörgum dögum um aldamótin.

hafi verið rekið á föstudag í síðustu viku þegar tölur um atvinnuþátttöku voru birtar. Atvinnuleysi mældist fimm prósent í jólamánuðinum. Það er 0,3 prósentustiga aukning á milli mánaða og ívið meira en reiknað var með. Þá hefur fasteignasala dregist mjög saman og ekki verið með dræmara móti í tólf ár. Þeir allra svartsýnustu segja dyrunum hafi verið hrundið upp á gátt fyrir efnahagskreppu. Líkt og bent var á í áramótablaði Markaðarins segja aðrir að ástandið á geti jafnað sig um mitt ár og hugsanlega geti fjárfestar á ný fengið fast land undir fætur á seinni hluta þess.

Fjárfestar, jafnt innlendir sem erlendir, bíða óþreyjufullir eftir ársuppgjörum fyrir tækja, ekki síst í fjármálagæiranum, enda reiknað með að þar leynist lykklarnir að því sem koma skuli. Talsverðrar óvissu gætir hins vegar hvað þar megi finna. Sumir segja ljóst að fyrirtækin komi mörg hver ekki vel inn í nýja árið en bæta við að slíkt hafi mátt sjá fyrir, leiðréttingin komin fram í verðlagningu hlutabréfa og muni markaðurinn jafna sig um mitt ár. Þeir svartsýnu óttast hins vegar að lausafjárþurrðin hafi bitið fastar í flest fyrirtækjum en reiknað hafi verið með, ekki síst í fjármálagæiranum, og sjá dökkt framundan.

Mesta lækkunin er á gengi bréfa hjá bönkum og fjármálagæiranum. Lausafjárþurrðin, sem rót á að rekja að mestu til mikilla vanskila á áhættusömum undirmálslánum, líkt og greiningardeild Kaupþings kallaði lán þessi sem veitt voru einstaklingum með litlar tekjur og lélegt lánshæfi til íbúðakaupa í Bandaríkjunum fram undir mitt síðasta ár, hefur hrint af stað alvarlegri keðjuverkun sem geti aukið til muna hættuna á efnahagskreppu vestanhafs, að margra mati.

Bandaríski fjárfestingarbankinn Merrill Lynch fullyrðir í nýlegri skýrslu að lokahöggið

hafi verið rekið á föstudag í síðustu viku þegar tölur um atvinnuþátttöku voru birtar. Atvinnuleysi mældist fimm prósent í jólamánuðinum. Það er 0,3 prósentustiga aukning á milli mánaða og ívið meira en reiknað var með. Þá hefur fasteignasala dregist mjög saman og ekki verið með dræmara móti í tólf ár. Þeir allra svartsýnustu segja dyrunum hafi verið hrundið upp á gátt fyrir efnahagskreppu. Líkt og bent var á í áramótablaði Markaðarins segja aðrir að ástandið á geti jafnað sig um mitt ár og hugsanlega geti fjárfestar á ný fengið fast land undir fætur á seinni hluta þess.

Fjárfestar, jafnt innlendir sem erlendir, bíða óþreyjufullir eftir ársuppgjörum fyrir tækja, ekki síst í fjármálagæiranum, enda reiknað með að þar leynist lykklarnir að því sem koma skuli. Talsverðrar óvissu gætir hins vegar hvað þar megi finna. Sumir segja ljóst að fyrirtækin komi mörg hver ekki vel inn í nýja árið en bæta við að slíkt hafi mátt sjá fyrir, leiðréttingin komin fram í verðlagningu hlutabréfa og muni markaðurinn jafna sig um mitt ár. Þeir svartsýnu óttast hins vegar að lausafjárþurrðin hafi bitið fastar í flest fyrirtækjum en reiknað hafi verið með, ekki síst í fjármálagæiranum, og sjá dökkt framundan.

## HVAÐ GERÐIST?

Menn eru sammála um að samverkandi þættir liggja til grundvallar fjármálakreppunni, sem einnig hefur verið kölluð bankabólan. Í

fyrsta lagi liggur einn anginn í mikilli hækkun á fasteignaverði víða um heim, þar á meðal hér á landi og lánveitingum banka og fjármálagæiranum til fasteignakaupa. Samkvæmt vefsvæði Global Property Guide, sem heldur utan um upplýsingar um þróun fasteignaverðs um heim allan hefur mesta verðhækkunin orðið í gömlu Austantjaldslöndunum. Þar á hlut að máli tiltölulega nýfengið sjálfstæði ríkja, bættur efnahagur íbúanna og innganga í Evrópusambandið. Þá hefur fasteignaverð rokið upp síðastliðin ár í Asíu, ekki síst á þéttbýlustu svæðum í Kína.

Þróunin hefur verið á hinn veginn upp á síðkastið víðast hvar, ekki síst í Bandaríkjunum en þar hefur fasteignabólan kólnað hratt. Breytingarnar eru mismiklar eftir svæðum enda eðlilegt að mesta lækkunin verði þar sem mesta hækkunin hafi verið upp á síðkastið.

Fram til þessa hefur nægt fjármagn verið til á markaðnum og dyrnar galopnar að því fyrir bæði einstaklinga og fyrirtækja í kauphugleiðingum. Bankar og fjármálagæiran komu að sjálfssögðu til móts við fólk í kauphugleiðingum og bauð þeim lán til kaupa á fasteign. Lánin voru eins og gengur af ýmsum toga. Íslensku viðskiptabankarnir tóku þátt í leiknum er þeir hófu að veita fasteignalán um svipað leyti og fasteignabólan var að taka stökkið hér síðla árs 2004. Lánin vissulega mishá, hundrað prósent af kaupverði íbúðar þegar mest lét. Lánshlutfall Íbúðalánasjóðs

## Þróunin minnir á netbóluna

Eins og kunnugt er sprakk netbólun með látum um aldamótin, bæði hér heima og erlendis. Margt keimlíkt er með upp-sveiflunni á undan henni og góðærinu sem varað hefur á hlutabréfamarkaði síðastliðin þrjú ár.


Eins og sjá má á gröfunum hafði gengi hlutabréfa hækkad mikið fram að aldamótum, ekki síst í tæknifyrirtækjum áður en hrikta tók í stöðunum á árabílinu 1999 til 2000. Þannig náði Dow Jones-vísitalan, sem samanstendur af bandarískum iðnaðar- og verslunarfyrir-

tækjum, sínu hæsta lokagildi, 11.326 stigum, í ágúst þetta sama ár. Hún dalaði hratt eftir það og hafði fallið um 35,7 prósent þegar botninum var náð í október rúmum þremur árum síðar.

Nasdaq-vísitalan, sem samanstendur af tæknifyrirtækjum, rauk hæst í rúm fimm þúsund stig á vormánuðum árið 2000 en féll svo hratt í djúpum stökkum næstu þrjú árin og hafði fallið um 78 prósent þegar yfir lauk. Vísitalan hefur ekki borið barr sitt síðan en lokagengi hennar fór hæst í 2.859 stig í enda

október í fyrra. Vísitalan hefur fallið um rúm tólf prósent í óróleikanum nú frá hæsta gildi hennar fyrir rúmum tveimur mánuðum.

Í kjölfar þess að netbólun sprakk drógu neytendur að sér höndum með þeim afleiðingum að mjög dró úr einkaneyslu. „Þar upplifðu menn allt annað en mjúka lendingu,“ sagði dr. Pedro Videla, sem nefndur er hér til hliðar. Fjárfestar gerðust áhættufælnir í kjölfarið og færðu fjármuni sína yfir í aðrar og tryggari eignir líkt og nú. Hann bætti við að seðlabönk-



um helstu hagkerfa hefði tekist að snúa þróuninni við með samhentum aðgerðum sem fólust í

því að keyra stýrivexti niður og koma hjólum hagkerfisins af stað á ný.





SAGAN Á BAK VIÐ ... .. BJÖRGÓLF JÓHANSSON, VERÐANDI FORSTJÓRA ICELANDER GROUP

## Úr fisknum í flugið

Björgólfur Jóhannsson tekur við starfi forstjóra Icelandair Group af Jóni Karli Ólafssyni hinn 15. janúar næstkomandi.

Um er að ræða ákveðin straumhvörf í sögu Icelandair Group, enda hefur Jón Karl stýrt félaginu gegnum ólgusjó liðinna ára, ásamt því að gegna starfi forstjóra Icelandair, stærsta dótturfélagsins.

Ekki er langt síðan Icelandair var keypt út úr FL Group-samstæðunni. Lesa má úr tilkynningu til Kauphallarinnar um for-

stjóraskiptin að þau séu liður í áherslubreytingum nýrra eigna, sem gjarnan eru kenndir við Samvinnutryggingar og hafa margir verið virkir í starfi Framsóknarflokksins. Því má segja að með forstjóraskiptunum séu tengslin við FL Group og Hannes Smáráson endanlega rofin.

Björgólfur Jóhannsson er því í senn fulltrúi gamalla og nýrra tíma. Hann á að baki fjölskrúðugan feril í sjávarútvegi, og er núverandi formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Björgólfur er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði um tíma sem endurskoðandi. Þaðan lá leiðin til Útgerðarfélags Akureyringa, þar sem hann starfaði um fimm ára skeið sem fjármálastjóri. Árið 1996 tók Björgólfur við framkvæmdastjórnastöðu hjá Samherja, sem hann gegndi til ársins 1999 er hann gerðist framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar. Björgólfur hefur verið forstjóri Icelandic Group frá því í mars 2006.



Þegar tilkynnt var um forstjóraskiptin lét Björgólfur hafa eftir sér: „Fyrirtækið er afar sterkt fjárhagslega og býr yfir frábæru starfsfólki sem verður

gaman að kynnast og vinna með að áframhaldandi uppbyggingu.“ Ljóst er því að vistaskiptin leggjast vel í Björgólf, þótt hann sé vanari að fara sjóleiðina. - jsk

### SPÁKAUPMAÐURINN

## Partístuð

Mér líður eins og unglengi á ný, kominn í partíð endalæsa aftur sem ég stundaði á háskólaárunum og ekki útlit fyrir að ég ætli að sofna á næstu mánuðum.

Þótt ég sé vissulega ekki sligaður af ábyrgð og svefnlausum nóttum er ég fjölskyldumaður og því ekki í partíi í raun og veru. Auðvitað er ég að tala um partíð á hlutabréfamarkaðnum á skerinu. Er svoleiðis búinn að raka haug af monnii út af bókunum úti til að setja í íslensku bréfin á meðan þau falla að því er virðist endalæst. Já, stuðboltinn ég er í fullu svíngi á meðan aðrir eru farnir heim úr partíinu og pottþétt að drepast úr þynku í einhverju tjaldinu í Laugardalnum ásamt fjölskyldunni og tengdamömmu eftir að hafa veðjað ofan af sér húsið, bílinn, hundinn og páfagaukinn.

Þetta þykist ég auðvitað sjá af öllum heimagerðu kortunum sem ég fékk í ár. Aðeins eitt með gullbryddingum. Sem reyndar var brandari frá mér til konunnar. En nóg um það.

Þjéningaspékúlantar nota allskyns tuggur þegar þeir tala um dýfu á markaðnum eins og núna. Nota frasa, sem reyndar eru svolítið farnir að súrna, á borð við „fallandi hnifur sem enginn þorir að grípa“. Ég gef ekki mikið fyrir þetta enda lítið sirkusífl og læt mér ekki koma til hugar að grípa fallandi hnifa. Enda mestar líkur á að skera sig í lófunum áður en handfanginu er náð.

Miklu frekar kys ég að kalla þetta græna tíð á mörkuðum, brunaútsölu og rífandi tækifæri fyrir menn eins og mig sem finnst gaman að moka ofan af monnihrúgunni og koma sér aftur vel fyrir í íslenskum félögum eftir að hafa selt sig út með bullandi plús um svipað leyti og leigubílstjóri nokkur spurði mig í sumar hvort hann ætti að kaupa í Existu. En fallandi hnifur? Ég bara botna ekkert í þessu. En ef maður sker þá... tja, þá bara setur maður plástur á sárið og gleymir því.

Spákaupaðurinn á horninu

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

512 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE  
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖD 2 INNIHELDUR: **SIKURUS** **SIKURUS+**

NÝ ÁSKORUN Í HÖNNUN  
NÝTT Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI



## LEITUM AÐ HUGMYNDARÍKU HÖNNUNARPARI

Við leitum að laghentum, hressum og stílvissum pörum með brennandi áhuga á innanhússhönnun. Þrjú pör verða valin úr hópi umsækjenda og gefst þeim kostur á að taka þátt í spennandi hönnunarkeppni í nýjum þætti sem fengið hefur nafnið Hæðin og verður frumsýndur á Stöð 2 í mars.

Keppnin gengur út á hvaða par innréttar fallegasta húsið í nýju raðhúsi á Arnarneshæðinni.

Pörin verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- ✓ Vera orðin 20 ára
- ✓ Vera í langtímasambandi
- ✓ Vera í fullri vinnu
- ✓ Geta sinnt verkefninu meðfram vinnu sinni frá febrúar til apríl

Sérlega vegleg verðlaun eru í boði fyrir fallegasta húsið.

Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um hönnun til að láta reyna á hæfni sína og láta ljós sitt skína skært.

**Skráning fer fram á [stod2.is](http://stod2.is) og [visir.is](http://visir.is) og stendur yfir til 18. janúar.**

**SKRÁÐU ÞIG Á [STOD2.IS](http://STOD2.IS) OG [VISIR.IS](http://VISIR.IS)**



skemmtilegri





# FRÁBÆR DAGSKRÁ Í JANÚAR



**FRÁBÆRT  
BOÐGREIÐSLUTIBÓÐ!**  
TVÆR STÖÐVAR  
AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS  
6.790 KR. Á MÁNUÐI  
Í JANÚAR OG FEBRÚAR.

**MÖGNUM ÍSLENSK SPENNUMÁTTARÖÐ**  
Pressa - Sunnudaga



**BANDIÐ HANS BUBBA**



**BACK TO YOU**



**GOSSIP GIRL**



**AMERICAN IDOL**



**NIP/TUCK**



**COLD CASE**



**BIG SHOTS**



**GREY'S ANATOMY**



**STELPURNAR**



**DAMAGES**



**PRISON BREAK**



**LOGI Í BEINNI**



FRÁ AFHENDINGU Í REYKJAVÍK. Hér má sjá Benedikt Sigurðsson frá Kaupþingi afhenda fulltrúum Mæðrastyrksnefnda peninggjafir.

## Framlag í stað jólagjafa

Kaupþing afhenti á dögnum Mæðrastyrksnefnd í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, á Akureyri og Akranesi veglega peninggjöf. Bankinn vill ekki gefa upp hversu há fjárhæðin var.

Fram kemur í tilkynningu frá Kaupþingi að bankinn hafi undanfarið ár sent viðskiptamönnum sínum litlar jólagjafir en í ár hafi verið ákveðið að fara þessa leið.

Einnig er tekið fram að Kaupþing hafi lánað húsnæði við Sæbraut undir jólaúthlutun á vegum Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík, Rauða krossins og Hjálparstarfs kirkjunnar.

- jsk

## Nýr forstjóri hjá Astraesus

Mario Fulgoni hefur verið ráðinn forstjóri flugfélagsins Astraesus Limited, sem er alfarid í eigu Northern Travel Holding. Fulgoni er meðal stofnenda Astraesus og hefur starfað sem framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs síðastliðin misseri.

Astraesus sinnir verkefnum í leiguflygi og áætlunarflygi og gerir út starfsemi sína frá Gatwick-flugvelli í nágrenni Lundúna. Félagið hefur verið starfrækt í fimm ár.

- jsk



MARIO FULGONI

## FÓLK Á FERLI

### HRÓKERINGAR HJÁ LANDSBANKANUM

Landsbankinn réð á dögnum fjóra nýja útibússtjóra; Daniel Jakobsson tekur við Laugavegsútibúi bankans af Kristjáni Einarssyni sem hverfur til starfa í höfuðstöðvum Landsbankans, Torfi Kristjánsson verður útibússtjóri í Holtagörðum, Árni R. Magnússon í Bæjarhrauni í Hafnarfirði og Brynjólfur Sævarsson í Vesturbæjarútibúi.

Daniel Jakobsson var áður útibússtjóri í Holtagörðum og segist spennur að taka við Laugavegsútibúi, sem er stærsta einstaka útibú Landsbankans.

„Þetta er spennandi verkefni fyrir mig. Laugavegur 77 er stærsta bankaútibú á Íslandi. Kristján hefur sinnt því vel og nú þarf ég að halda því góða starfi áfram.“



TORFI KRISTJÁNSSON



BRYNJÓLFUR SÆVARSSON

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

# Skráningu Promens frestað að sinni

Ragnildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, segir að vegna erfiðra markaðsaðstæðna hafi ákvörðun um skráningu félagsins í Kauphöllina hér verið frestað þar til í lok árs. Þá er líka ljóst að Kauphöllin ræður ekki við evruskráningu, líkt og Promens stefnir á, fyrr en síðar á árinu. Óli Kristján Ármannsson hittir Ragnildi á veitingastaðnum La Primavera og forvitnaðist um stöðu mála hjá henni.

Ragnildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, gaf sér nýverið tíma til að setjast niður með blaðamanni yfir hádegisverði og fara yfir þau mál sem efst eru á baugi hjá Promens um þessar mundir. Að baki er viðburðaríkt ár og fram undan skráning félagsins á markað eftir kaupin á norska plastfyrirtækinu Polimoon og samþættingu undir merkjum Promens. Þar hefur þó orðið sú breyting á að skráningunni, sem stefnt var að á fyrri hluta ársins, hefur verið frestað.

„Núna er horft til skráningar í fyrsta lagi fyrir lok þessa árs,“ segir Ragnildur. Hún segir að fyrst og fremst sé það óhagstæðar markaðsaðstæður sem ráði því að skráningunni sé frestað, en markaðir eru nú plagaðir af lausafjárkreppu sem sprottin er upp úr óróleika tengdum bandarískum undirmáslánum. „Eins og sakir standa teljum við skynsamlegast að fresta skráningunni og endurmeta svo stöðuna í lok árs.“

### STARFSMENN ERU SEX ÞÚSUND

Líklegt verður að teljast að skráning Promens á markað hefði færst fram yfir fyrsta ársfjórðung vegna þess að evruskráning hlutabréfa hér verður að öllum líkindum ekki möguleg fyrr en um mitt ár. „Langstærstur hluti af okkar rekstri er í evrum og á evrusvæði. Við stefnum því að skráningu í evrum,“ segir Ragnildur og bætir við að evruskráning skipti bæði erlenda fjárfesta og stjórnendur sem hlut eiga í félaginu miklu. „Það ræður náttúrulega enginn yfir gengi krónunnar og tenging við hana myndi bara verða til vandkvæða.“

Annars er létt er yfir Ragnildi og ekki á henni að sjá að það sé þungur baggi að bera ábyrgð á um sex þúsund starfsmönnum og 64 verksmiðjum í 22 löndum. Umfang starfsemi Promens er mikið og trúlega meira en fólk hér gerir sér almennt grein fyrir. Félagið er þannig gjarnan kennt við „gamla Sæplast“ þegar um það er rætt en þar liggja jú vissulega rætur starfseminnar. Ragnildur segir félagið hins vegar komið langan veg frá uppruninum. Af starfsmönnum sex þúsund starfa nefnilega innan við hundrað hér á landi í tveimur verksmiðjum. Annars vegar er það á Dalvík, þar sem áður hét Sæplast, og í frauðplastverksmiðju Tempru í Hafnarfirði. Promens er hins vegar með stærstu fyrirtækjum Evrópu í plastiðnaði. „Það hefur alltaf gengið mjög vel í Dalvík þar sem þetta byrjaði allt og við erum afskaplega stolt af starfseminni þar,“ bætir Ragnildur við og vísar til að mynda til nýsköpunarstarfs sem þar er unnið við þróun fiskikerja. „Í starfseminni þar endurspeglast hlutir sem við leggjum orðið almennt meiri áherslu á í samstæðunni, vörubrún og nýsköpun. Þetta eru þættir sem skipta gríðarlegu máli því vörubrún og nýsköpun fylgja vöxtur og aukin arðsemi.“

### ÆTLA SÉR STÓRT HLUVERK Í SAMRUNAFERLI

Nýliðið ár var afar viðburðaríkt í sögu Promens. Þannig kynnti félagið í fyrrasumar nýtt skipurit þar sem öll félögin innan samstæðunnar eru rekin saman. Í nóvember varð svo sú breyting á að öll félög samstæðunnar voru rekin undir nafni Promens. Félagið hefur stækkað gífurlega og bætt við sig á árinu, en stærsta stökkið var tekið í desember 2006 með kaupunum á norska félaginu Polimoon Group sem skráð var í kauphöllina í Ósló. Polimoon var fjórum sinnum stærra félag en Promens. Í fyrri bætti Promens hins vegar við sig þremur félögum sem öll sérhæfa sig í snyrtivöruumbúðum: strax í byrjun ársins í félagi í Rússlandi, um mitt ár var svo keypt félag í Frakklandi og síðast var yfirtekin framleiðslueining spænska fyrirtækisins STE.

Ragnildur segir stefnt að áframhaldandi ytri vexti félagsins, enda sé í plastiðnaði gnótt tækifæra á dreifðum markaði þar sem mikið sé um smáfyrirtæki. „Þannig



RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR Ragnildur, sem er forstjóri iðnfyrirtækisins Promens, lét vel af rauðsprettunni á La Primavera, sem og súkkulaðimúsinni sem fylgdi. Nýliðið ár var viðburðaríkt hjá Promens sem margfaldað hefur stærð sína. Hún segir enn tækifæri til að stækka.

MARKAÐURINN/VÖLUNDUR

### HÁDEGISVERÐURINN

## Með Ragnildi Geirsdóttur

forstjóra Promens

### Hádegisverður fyrir tvo á La Primavera

Pistasúhjúpaður þorskhakki með rauðri sósu og pönnusteikt rauðspretta með skelfiski og hvítlauk. Eftirréttur var súkkulaðimús með hindberjasósu.

### Drykkir

Vatn, caffè latte og espresso.  
Alls 5.300 krónur

eru til dæmis um 49.000 fyrirtæki í Evrópu sem starfa við að umbreyta hráefni í plastvörur. Tækifærin til stækkunar og samruna eru nánast óendanleg, en við horfum til smærri og millistórra fyrirtækja í þeim efnum,“ segir hún. Um leið segir Ragnildur þó ekki tímaþætt að upplýsa frekar um gang þeirra mála, tækifærin verði gripin þegar þau gefast. Hún upplýsir þó að þótt fyrirséður sé áframhaldandi vöxtur á líflegum markaði Vestur-Evrópu horfi Promens fremur til vaxtarmarkaða annars staðar, svo sem í Austur-Evrópu. „Þangað hefur til dæmis verið

að flytjast mikið af framleiðslu fyrir bílaframleiðendur.“ Eins segir hún tækifæri leynast í Asíu og vísar meðal annars til þess að notkun plastvarnings sé margföld í Vestur-Evrópu miðað við það sem gerist í austurhluta álfunnar og í Asíu. „En við kaupum náttúrulega ekki hvaða félag sem er, þau verða að passa inn í áætlanir okkar,“ bætir hún við. „Markmið okkar er ekki endilega að vera stærst þótt við viljum verða stærri en í dag. Við viljum vera þekkt fyrir nýsköpun þar sem við finnum bestu lausnirnar með viðskiptavinum okkar. Í leiðinni ætlum við svo náttúrulega að leika stórt hlutverk í því samrunaferli sem fyrirséð er að fari í hönd á þessum markaði.“



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

### Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

#### 1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

#### 2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

#### 3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

#### 4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

#### 5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun), með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

## Canfield eins og Bono

„Hann er einna fremstur á sínu sviði í heiminum. Ég hef lengi haft áhuga á árangurssálfræði og ákvað því að fá hann hingað til lands,“ segir Kristján Viðar Haraldsson, framkvæmdastjóri New Vision.



**JACK CANFIELD**  
Einn af vinsælustu fyrirlesurum heims.

Bandaríski fyrirlesarinn Jack Canfield kemur hingað til lands í byrjun næsta mánaðar á vegum Kristjáns og heldur námskeið í Háskólabíói. Þar fjallar hann um hvernig bæta megi árangur og auka sjálfstraust.

Margir þekkja Canfield af fjölmörgum bókum hans um árangur í viðskiptum og einkalífi, auk þess sem hann er meðhöfundur bókaflokksins „Súpa fyrir sálina“ eða Chicken Soup for the Soul.

Hann hefur um árabíl ferðast um heiminn og haldið námskeið og fyrirlestra, milli þess sem hann situr við skrifir í Kaliforníu. Bækur hans hafa selst í milljónum eintaka.

Kristján Viðar fullyrðir að Jack Canfield sé einn allra besta og eftirsóttasti árangurs- og leiðtogaþjálfari heims í dag. Í vinsældum sem fyrirlesari sé hann meðal annars í hópi með Bill Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. „Væri þessi maður í tónlistarbransanum mætti líkja þessu við að Bono væri á leið til landsins.“ - ikh



**REYNIR GRÉTARSSON, FORSTJÓRI CREDITINFO GROUP** Creditinfo hefur gert samning um sölu á hugbúnaði og þekkingu til Íran. Virði samningsins er um hundrað milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON

## Creditinfo til Íran

Samningur Creditinfo hundrað milljóna virði.

Creditinfo Solutions, sem er dótturfyrirtæki Creditinfo Group sem meðal annars á Lánstraust, hefur gert samning um sölu á hugbúnaði og ráðgjöf til Íran. Kaupandi er Iran Credit Info Scorin (ICS) sem er fyrirtæki í eigu sextán stærstu banka Írans.

Samkvæmt samningnum selur Creditinfo ICS hugbúnað til að halda utan um fjárhagsupplýsingar einstaklinga og fyrirtækja. Tekjur Creditinfo af samningnum nema hundrað milljónum króna á næstu þremur árum, og mun sú upphæð hækka í samræmi við gengi ICS.

„Íran er þýðingarmikill markaður þar sem landið er eitt af tuttugu stærstu hagkerfum í heimi. Við erum stolt af því að hafa fengið þennan samning, og þetta mun festa okkur enn í sessi í Evrópu og Mið-Austurlöndum sem leiðandi sérfræðinga í að veita þjónustu sem tengist lánsþæfi,“ sagði Mike Reilly, framkvæmdastjóri Creditinfo Solutions. -jisk



**FORSTJÓRI INFOPRESS GROUP** Birgir Jónsson segir níu stórar prentvélar hafa verið teknar í notkun á einu ári, sem sé örugglega einsdæmi í heiminum.

# Keyra prentvélar 24 tíma sólarhringsins allt árið

Infopress Group er leiðandi prentfyrirtæki í Austur-Evrópu. Félagið fjárfesti fyrir 3,5 milljarða í desember og prentar meðal annars Playboy og Cosmopolitan. Björgvin Guðmundsson spjallaði við Birgi Jónsson forstjóra um vöxtinn í prentgeiranum.

**V**ið erum stærsta prentsmiðjan á þessu svæði,“ segir Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri erlendra starfsemi Kvosar og forstjóri Infopress Group. Svæðið sem Birgir á við er Austur-Evrópa. „Við erum með um 1.100 starfsmenn og erum að velta á þessu ári um tíu milljörðum íslenskra króna.“

Infopress Group, sem er dótturfélag Kvosar, hefur fjárfest fyrir rúmlega 3,5 milljarða króna í Austur-Evrópu í desember. Birgir segir Infopress hafa keypt fyrir rúmu ári stærstu prentsmiðju Rúmeníu. Síðan hafi prentsmiðja í Búlgaríu verið keypt og nú síðast í Ungverjalandi. Verið sé að sameina þessa starfsemi með eitt stjórnunarteymi undir merkjum Infopress Group. „Þetta félag verður þá algjörlega leiðandi á þessu markaðssvæði,“ segir Birgir.

Tvær vörur eru helst prentaðar í fyrirtækjum Infopress Group. Annars vegar eru hágæðatímarit eins og Esquire, Cosmopolitan og Playboy. Hins vegar er prentun á ýmiss konar auglýsingaefni eins og bæklingum. Birgir segir það vera ört vaxandi markað og alþjóðleg fyrirtæki séu í viðskiptum við Infopress. Ekki eru prentaðar bækur eða blöð í prentsmiðjunum.

„Við keyrum vélarnar 24 tíma sólarhringsins allan ársins hring. Og til að hámarka afköstin reynum við að taka engin verk inn sem eru með með minna upplag en 50 til 60 þúsund eintök,“ segir Birgir. Fyrirtækið gangi vel og vöxturinn milli ára sé milli 40 og 50 prósent. Infopress Group sé að verða eitt af 20 stærstu prentsmiðjufyrirtækjum í Evrópu miðað við veltu.

Infopress Group er að byggja prentsmiðju í Búdapest og reisir þar að sögn Birgis eina fullkómnu prentsmiðju í landinu. Keypt var 70 þúsund fermetra land undir verkefnið og framleiðsla hefst í vor. Heildarfjárfesting vegna þessa er um tveir milljarðar króna. Birgir segja marga vera að koma inn á þennan markað og til að halda forskoti þurfi að fjárfesta mikið.

Birgir segir Búlgaríu og Rúmeníu eiga nú aðild að Evrópusambandinu og allt viðskipta-umhverfi sé að bræytast hratt. Vissulega hafi ákveðnar hindranir verið á veginum, meðal annars vegna spillingar og annars síðferðis en Íslendingar eigi að venjast. Allt sé samt á



**VAXANDI MARKAÐUR Í BÚDAPEST** Heildarfjárfesting Infopress Group í Ungverjalandi er um tveir milljarðar króna.

réttri leið og reksturinn traustur.

Fjölskyldurnar sem stofnuðu prentsmiðjuna

Odda á sínum tíma stofnuðu Kvos, sem er eignarhaldsfélag um nokkur dótturfélög.

# Skortur á erlendri samkeppni í fóðri

Einungis tvö fyrirtæki starfa á fóðurmarkaði. Bóndi telur verðhækkunir undanfarinna ára mega rekja til fákeppni á markaði og segir ráðamenn verja ríkjandi ástand.

„Mér finnst nú, þegar þessar gífurlegu hækkunir verða á fóðrinu, að ekki sé lengur forsvaranlegt að ráðamenn verji áfram fákeppni og trufla heilbrigða samkeppni á þessum markaði,“ segir Guðbjörg Jónsdóttir bóndi.

Hún rekur kúabú á Læk í Flóa ásamt manni sínum, Gauta Gunnarssyni. Þau hjónin hafa á milli 40 og 50 kýr í fjósi og 215 þúsund lítra greiðslumark.

Tvö fyrirtæki starfa á fóðurmarkaði hérlendis, Fóðurblandan og Lífland. „Þetta tel ég vera fákeppni. Það sem hamlað hefur innflutningi á tilbúnu fóðri er 3,6 prósentu tollur sem kúabændur hafa ítrekað farið fram á að verði aflagður til að styrkja samkeppni.“ Einnig hafi kaup Mjólkursamsölunnar á Fóðurblandunni farið fyrir brjósti á mörgum. „Mér finnst ekki forsvaranlegt að ríkjandi afurðastöð í mjólkuriðnaði sé að setja sig í slæma stöðu gagnvart bændum, með þátttöku á fóðurmarkaði.“

Guðbjörg segir að verð á kjarnfóðri hafi hækkað um fjórðung undanfarið ár og um sautján prósent umfram vísitölu neysliverðs á sama tíma. Verð á mjólk til bændna hafi í raun lækkað á sama tímabili um 0,6 prósent miðað við vísitöluna. „Það er því ljóst að hækkun á verði mjólkur til bændna heldur engan veginn í við verðþróun á aðföngum og það að flestar ef ekki allar kostnaðarleiddir í þessum rekstri koma talsvert eftir á. Hækkun á kjarnfóðri til bændna á síðustu misserum hefur haft gríðarleg áhrif á rekstur búins og höfum við gripið til þess ráðs að kúvenda okkar rekstrarplönunum á síðari hluta ársins 2007 og dregið verulega úr notkun kjarnfóðurs.“

Það verði þó að fara varlega í því að draga úr kjarnfóður-



**GUÐBJÖRG JÓNSDÓTTIR BÓNDI**  
„Það þarf að fella niður tolla svo hægt verði að örva samkeppni á fóðurmarkaði. Ekki er lengur forsvaranlegt að ráðamenn verji fákeppni.“

gjöf því kýrnar séu viðkvæmar, einkum í kringum burð.

Guðbjörg segir að í hittifyrri hafi þau hjónin keypt um 50 tonn af kjarnfóðri, en fóðurkostnaðurinn sé langstærsti einstaki kostnaðarliður búins. Verðhækkunin nú skili sér í um hálfir milljónar króna auknum rekstrarútgjöldum á ári og fari fast að 2,2 milljónum króna. „Annar þáttur sem hefur áhrif á þessa ákvörðun er að það hefur verið gefið út af forsvarsmönnum mjólkuriðnaðarins að aðeins verði greiddar 27 krónur á lítrann af umfram mjólk, en í hittifyrri nam breytilegur kostnaður 34 krónum á lítrann. Við fengjum sem sagt minna en ekki neitt.“

Guðbjörg bendir á að fleira hækki í verði en fóður. „Það hefur verið gefið út að áburður muni hækka um að minnsta kosti 40 prósent. Einnig er það staðreynd að olía, rafmagn, aðkeypt þjónusta, vextir og verðbætur hafa hækkað. Mín tilfinning er að mjólkurframleiðslan yfir heildina hefur verið rekin með tapi síðari hluta ársins 2007 og róðurinn virðist þungast í rekstri.“

Þessi staða kalli á enn frekari hagræðingu í rekstri bóva. Þá sé knýjandi að breyta verðlagningu búvara. „Til framtíðar kallar þetta á fleiri þætti eins og afkastameira kúakyn. Ég vona að í framtíðinni takist okkur að fullnægja þörfum íslenskra neytenda með hollum og góðum mjólkurvörum á sanngjörnu verði.“



**HÁDEGISVERÐURINN ER EKKI ÓKEYPIS** Hráefni til fóðurgerðar hefur hækkað mikið á heimsmarkaði. Það skilar sér í hækkunum á fóðri sem framleitt er hérlendis. Hækkunir koma illa við bæði svína- og kúabændur og hækka rekstrarkostnað þeirra verulega.

# Fóðurverðið hækkar um yfir 200 milljónir

Framkvæmdastjóri Fóðurblandunnar segir eðlilegar skýringar á verðhækkunum undanfarinna ára. Bændur segja verðhækkun á fóðri hækka rekstrarkostnað til muna.

„Hráefni til fóðurgerðar hefur verið að hækka jafnt og þétt. Það er allt á leiðinni upp, sama hvar man þer niður,“ segir Eyjólfur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fóðurblandunnar. Fóðurblandan hefur tilkynnt um 5 til 7 prósentu hækkun á fóðurverði sem tók gildi á mánudag.

Hann bendir á að verð á hveiti, sem er uppistöðuhráefni í fóðri, hafi eitt og sér hækkað um 150 til 200 prósent undanfarið eitt og hálf ár. Sama eigi við um ýmis önnur hráefni eins og maís, fiskimjöl, sojamjöl og fleira. „Ég geri ráð fyrir að þetta eigi eftir að hækka frekar,“ segir Eyjólfur.

Uppskerubrestir, olíuverðshækkunir, aukin eftirspurn eftir hveiti á Indlandi og í Kína, auk bíodísils, eru einkum nefnd til að skýra hækkandi verð.

Um 90 þúsund tonn af fóðri eru framleidd hér árlaga, en innflutningur er hverfandi. Sé miðað við verð á ódýrasta fóðrinu hjá Fóðurblandunni, sem fyrir hækkun kostaði um 36.500 krónur tonnið, nemur heildarhækkunin yfir 180 milljónum króna ári. Ætla má að heildarhækkunin sé vel yfir 200 milljónir króna á ári.

Ætla má að fóðurkaup nemi um helmingi rekstrarkostnaðar í svína- og kjúklingarækt en á milli tíu og fimmtán prósentum hjá nautgripabændum.

„Menn hafa klárlega miklar áhyggjur af þessari þróun. Þetta er langstærsti kostnaðarliðurinn,“ segir Ingvi Stefánsson, formaður Félags svínabænda. Ingvi rekur svínabú með 1.400 svinum að Teigum í Eyjafirði.

„Þessi hækkun á fóðrinu skilar sér í þriggja prósentu hækkun á rekstrarkostnaðinum hjá mér. Þetta gæti verið hátt á aðra milljón króna á ári.“ Ingvi segir að bændur geti ekki tekið á sig hækkunir til lengdar. „Til lengri tíma á þetta eftir að skila sér út í verði,“ segir Ingvi og bætir því við að vaxandi innflutningur á svínakjöti geri íslenskum bændum erfitt fyrir.

Guðbjörg Jónsdóttir, kúabóndi á Læk í Flóa, segir að það muni um hækku á fóðurstofnaði. Bæði hafi fóðrið hækkað í verði en ekki síður allur annar rekstrarkostnaður. Hún kallar eftir samkeppni að utan um fóður.

- ikh

# Bjartsýni í byggingum

Verktakar hafa nóg að gera í byrjun árs þótt minna sé um íbúðabyggingar

„Árið 2008 lítur ljómandi vel út,“ segir Gunnar Sverrisson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka. „Það er frekar að það verði vöxtur í þessu.“ Byggingaverktakar sem Markaðurinn hefur rætt við búast almennt ekki við samdrætti á húsbýggingum á árinu. „Mér sýnist engin tilslökun vera í þessu. Ekki í byggingum. Þetta er alveg botnlaust,“ segir Ingólfur Ásgeirsson hjá Byggingafélaginu Ástaki. Þar smíða menn íbúðarhúsnæði.

Kartan Sigurðsson hjá Byggjanda, sem nú reisir iðnaðarhúsnæði, segir líklegt að aukning verði í umsvifum á árinu. „Ef við vildum bæta við okkur þá væri það ekkert mál.“

Gunnar Sverrisson hjá ÍAV bætir við að þótt dregið hafi úr byggingu íbúðarhúsnæðis hafi önnur verkefni komið í staðinn. „Það er talsvert um að fyrirtæki hafi haldið að sér höndum meðan mesta þenslan var og nú er nokkuð um að verði sé að byggja sérhæft húsnæði eins og vörugæmslur.“ Kjölfestuframkvæmd hjá ÍAV sé hins vegar fólgin í tónlistarhúsinu á hafnarbakkanum í Reykjavík.

Guðjón Gíslason hjá Fossmótum á Selfossi segir árið líta vel út, verkefni séu næg. „Ég held að árið verði ekki síðra en það síðasta. Það varð eitthvað daufara yfir þessu í haust, en svo tók þetta kipp núna í byrjun ársins.“

Þorsteinn Víglundsson, forstjóri BM Vallá, segir

viðbúið að heildarumfangið í byggingum dragist saman, þar sem virkjana- og álversframkvæmdum fyrir austan sé lokið. „Það er erfitt að spá um þetta en horfur virðast almennt góðar. Greinin er í góðu jafnvægi þótt það dragi úr íbúðaframkvæmdum.“

Árni Jóhannsson hjá Samtökum iðnaðarins segir óvissu einkenna byggingamarkaðinn. Sú óvissa sé raunar hin sama og aðrar atvinnugreinar standi frammi fyrir. „Ef staðan er sú að það sé að kólna í efnahagslífinu, þá hefur það áhrif á byggingariðnaðinn. Atvinnugreinin er hins vegar víðfeðm og einstök svið innan greinarinnar eru ekki tengd. Ástand á íbúðamarkaði hefur til að mynda ekki áhrif á opinberar framkvæmdir, til dæmis varðandi samgöngur.“ Í síðustu uppsveiflu hafi mörgum stórum opinberum framkvæmdum verið frestað en nú standi til að hrinda þeim af stað.

Ekki segja þó allir verktakar sömu sögu.

„Það eru verkefni í gangi en farið er að koma í ljós að menn eru að hætta við framkvæmdir sem voru ákveðnar,“ segir Hreiðar Hermannsson hjá Sandfelli. „Ég býst við talsverðum samdrætti á árinu. Bankarnir taka, sem eðlilegt er, mikinn þátt í að hægja á þessu.“

Þá sagði einn viðmælandi sem ekki vildi láta nafns síns getið, að í byggingabransanum væru bremsuför um tólf mánuðir. Það tæki tíma að hægjast um. - ikh



**UNNIÐ Í GRUNNINUM** Byggingaverktakar eru bjartsýnir á árið og segja yfirleitt að ekkert lát sé á verkefnum, þótt dregið hafi úr íbúðabyggingum.



# Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



## BANKHÓLFID

### Leitin mikla

Það vakti nokkra undrun að Jón Karl Ólafsson, fráfari forstjóri Icelandair, skyldi látinn taka pokann sinn. Svo virðist sem núverandi eigendur hafi ekki verið ánægðir með störf hans eða þá að menn hafi ekki náð að ganga og tala í takt. Reynsla Jóns Karls á rekstri flugfélaga er nokkur og hann er góður talsmaður skráðs félags. En það voru engar biðraðir í starf hans samkvæmt heimildum Markaðarins. Talað var við að minnsta kosti sjö einstaklinga og þeim boðinn stóllinn áður en Björgólfur Jóhannsson sagði já. Skiljanleg ákvörðun hjá Björgólfi enda stendur Icelandair illa og björgunarleiðangurinn hafinn.



### Ræða kynlíf eftir símafund

Búast má við miklu fjöri á hluthafafundi Elisa 21. janúar þar sem Björgólfur Thor Björgólfsson og Orri Hauksson munu þurfa að kljást við þjóðarsál Finna til að breyta þessu rótgróna símafyrirtæki. Margir hluthafar eiga seturétt og ef til vill mun blása köldu í átt að Íslendingum enda fundurinn haldinn í skautahöllinni í Helsinki. Eftir að þrúðbúnir hluthafar og ný stjórn ganga út úr höllinni tekur enn fjörugri fundur við. Þá verður einhvers konar kynlífsráðstefna haldin í skautahöllinni undir nafni Sexhibition. Fólk úr þeim geira kemur þá saman og ræðir sameiginlega hagsmuni iðnaðarins. Varla munu þessir hópar skarast mikið og vonandi truflar kynlífsráðstefnan ekki þjóðarsál Finna eins mikið og Íslendinga þegar fólk var úthýst af Hótel Sögu í fyrra.

### Gott parti

Nokkur geðshræring greip um sig þegar Kaupþing sendi lykilmönnum Fjármálaeftirlitsins rauðvín um jólin. Forstjóri eftirlitsins ánaðaði starfsmannasjóðnum flöskurnar og verður líklega haldið gott parti á næstunni þar sem veigarar verða teygðar. Þessir heilögu Kínamúrar eru auðvitað nauðsynlegir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið megi ekki þiggja rauðvínsflösku frá fjármálafyrirtækjum þá er það svo að fjármálafyrirtækin standa straum af rekstri eftirlitsins á hverju ári. Það mun varla hafa áhrif á viðhorf starfsmanna FME til skjólstaðinga stofnunarinnar enda má segja það hreina og beina skattheimtu. Og varla rennur króna af þeirri fjármögnun til kaupna á rauðvíni eða öðrum veigum í ferðum starfsmanna eða uppákomum.



**9%** Lækkun úrvalsvisítölunnar frá áramótum.

**17,2%** Lækkun á bréfum Exista fyrstu þrjá viðskiptadaga ársins.

**600** milljarðar eru heildarfjárhæðin sem fellur á gjalddaga hjá íslensku bönkunum á árinu.



Félags- og tryggingamálaráðuneyti

## Opið málþing innflytjendaráðs og félags- og tryggingamálaráðuneytis 11. janúar 2008, klukkan 9.30–16.30 í Borgartúni 6

Fjallað verður um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda. Innflytjendaráð kallar eftir sjónarmiðum og hugmyndum frá sem flestum.

**10.00–11.00**

### Inngangserindi

Hrannar Björn Arnarsson, formaður innflytjendaráðs  
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga  
Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur

**11.00–12.30 Málstofur - fyrri hluti**

### Löggjöf sem hefur áhrif á innflytjendur

Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur í Alþjóðahúsi  
Paul Nikolov, varaþingmaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs

### Atvinnumál

Halldór Grönvold, deildarstjóri félagsmáladeildar  
Alþýðusambands Íslands  
Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs  
Samtaka atvinnulífsins

### Fjölmennning í spegli fræðanna

Rannsóknir Háskóla Íslands kynntar  
Hanna Ragnarsdóttir, lektor í Kennaraháskóla Íslands  
Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri

### Upplýsingamiðlun - til innflytjenda og um innflytjendur

Margrét Ásgeirsdóttir, forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi  
Ólöf Garðarsdóttir, deildarstjóri mannfjöldadeildar Hagstofu Íslands  
Ari Klængur Jónsson, verkefnastjóri Fjölmenningsseturs í upplýsingamiðlun

**Að málþingi loknu mun Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra tilkynna um styrkveitingar úr þróunarsjóði innflytjendamála og er það í fyrsta sinn sem styrkir eru veittir úr sjóðnum.**

Ráðstefnustjórar eru Barbara Gunnlaugsdóttir, formaður Félags Pólverja á Vestfjörðum, og Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Þátttökugjald er 1.500 krónur. Hádegisverður og kaffi er innifalið.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið [linda.ros.alfredsdottir@fel.stjr.is](mailto:linda.ros.alfredsdottir@fel.stjr.is)

Nánari upplýsingar um dagskrá er að finna á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytis,

[www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is)

**13.30–15.00 Málstofur - seinni hluti**

### Nærsamfélagið og sveitarfélög

Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða  
Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar  
Aðalsteinn Á. Baldursson forstöðumaður og Snæbjörn Sigurðarson, verkefnastjóri á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík

### Fordómar, fjölmiðlar og fræðsla

Guðrún Pétursdóttir, félagsfræðingur og framkvæmdastjóri InterCultural Iceland  
Amal Tamimi, fulltrúi fræðsludeildar Alþjóðahúss  
Karl Blöndal, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins

### Menntun - Auður í krafti innflytjenda

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar  
Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti  
Atli Lýðsson, fræðslustjóri hjá Eflingu-stéttarfélagi

### Framtíð barna

Hulda Karen Daniëlsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða  
Brian Daniel Marshall, doktorsnemi í Háskólanum í Reykjavík  
Sesselja Guðmundsdóttir, sviðsstjóri ung- og smábarnasviðs hjá Miðstöð heilsuverndar barna



# Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending  
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • [www.altak.is](http://www.altak.is)